

Þjóðleikhúsið

02 973

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Þjóðleikhúsið

kt. 710269-2709

Lindargötu 7, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Þjóðleikhúsið er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um sviðslistir nr. 165/2019.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 18 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 1.895,3 milljónir og afkoma kr. -193,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -146,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 534,4 milljónir.

Starfsemin á árinu varð fyrir töluverðum neikvæðum áhrifum af Covid og tengdum samkomutakmörkunum sem leiddi til óhagræðis og kostnaðarauka sem hefur áhrif á afkomu ársins. Á árinu voru æfð nokkur leikverk sem ekki reyndist unnt að koma á svið á árinu en verða frumsýnd á árinu 2022 og tekjur skila sér á því ári. Áætlaður kostnaður vegna þeirra verka er um 38,1 milljón og mynda hluta af afkomu ársins. Áhrifa Covid mun gæta áfram í rekstrinum meðan faraldurinn varir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Þjóðleikhússins í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Þjóðleikhússins fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Magnús Geir Þórðarson,
þjóðleikhússtjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.422.800.000	1.641.200.000
Seld vara og þjónusta	3	391.657.423	77.016.833
Framlög og ýmsar tekjur	4	26.652.021	14.993.488
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	54.240.087	53.143.639
Tekjur samtals		1.895.349.531	1.786.353.960
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	1.438.322.624	1.220.037.668
Annar rekstrarkostnaður	6	596.400.932	517.471.853
Afskriftir	7	54.240.087	53.143.639
Gjöld samtals		2.088.963.643	1.790.653.160
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(193.614.112)	(4.299.200)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		984	2.576
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(20.680)	(41.738)
		(19.696)	(39.162)
Afkoma ársins		(193.633.808)	(4.338.362)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	8	12.378.538	9.835.774
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		335.520.383	298.038.608
Farartæki og vélar		4.858.988	5.881.818
Aðrar eignir		460.000	530.675
		340.839.371	304.451.101
		Fastafjármunir samtals	314.286.875
		353.217.909	
Veltufjármunir			
Birgðir		3.388.952	3.758.984
Viðskiptakröfur	10	5.687.835	25.837.130
Tengdir aðilar	11	132.798.304	334.125.650
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	12	11.089.302	11.864.521
Handbært fé	13	28.206.244	9.283.290
		181.170.637	384.869.575
		Veltufjármunir samtals	384.869.575
		181.170.637	
		Eignir samtals	699.156.450
		534.388.546	
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hrein eign	14	(146.168.237)	47.465.571
		Eigið fé samtals	47.465.571
		(146.168.237)	
Skuldir			
Tengdir aðilar	11	4.643.167	6.287.540
Viðskiptaskuldir		202.578.042	212.250.672
Ýmsar skammtímaskuldir	15	72.435.206	65.112.212
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	16	400.900.368	368.040.455
		680.556.783	651.690.879
		Skuldir samtals	651.690.879
		680.556.783	
		Eigið fé og skuldir samtals	699.156.450
		534.388.546	
Aðrar upplýsingar			
	17		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(193.633.808)	(4.338.362)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	54.240.087	53.143.639
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(54.240.087)	(53.143.639)
		<u>(193.633.808)</u>	<u>(4.338.362)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		20.924.514	29.392.632
Tengdir aðilar		193.611.852	(208.030.168)
Birgðir		370.032	(972.134)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>(2.349.636)</u>	<u>82.078.383</u>
		212.556.762	(97.531.287)
		<u>18.922.954</u>	<u>(101.869.649)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		(4.794.590)	(10.800.800)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(88.376.531)	(121.414.032)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	5.321.680
		<u>(93.171.121)</u>	<u>(126.893.152)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		6.071.121	0
Fjárfestingarframlag		<u>87.100.000</u>	<u>126.893.152</u>
		93.171.121	126.893.152
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		18.922.954	(101.869.649)
		<u>9.283.290</u>	<u>111.152.939</u>
		<u>28.206.244</u>	<u>9.283.290</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra líða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að fráreginni virðisýrjun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisýrjun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrjunartap fært í yfirlit um afkomu.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að fráregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	óafskrifað/10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluvegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	1.422.800.000	1.641.200.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	54.240.087	53.143.639
	1.477.040.087	1.694.343.639

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.314.000.000	0	0	1.314.000.000
Fjáraukalög	100.000.000	0	0	100.000.000
Millifært úr varasjóð	8.800.000	0	0	8.800.000
Fjárveiting til tekna	1.422.800.000	0	0	1.422.800.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(1.616.433.808)	0	0	(1.616.433.808)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(193.633.808)	0	0	(193.633.808)

	2021	2020
3 Seld þjónusta		
Ýmsar þjónustutekjur	339.878.386	57.392.406
Vörusala	42.168.114	12.088.671
Veitinga- og gistipjónusta	9.610.923	6.859.256
Fræðslustarfsemi og fundir	0	676.500
	391.657.423	77.016.833

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	809.218	9.702.279
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	24.919.737	4.519.256
Ýmsar tekjur	923.066	771.953
	26.652.021	14.993.488

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	1.170.391.485	985.057.021
Orlof, breyting	5.488.976	10.484.686
Launatengd gjöld	249.481.308	214.884.824
Starfsmannakostnaður	12.960.855	9.611.137
	1.438.322.624	1.220.037.668
Meðalfjöldi fastra stöðugilda	104,9	103,3

Skýringar

	2021	2020
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.626.111	1.256.090
Byggingarvörur, almennar	1.222.892	4.263.107
Byggingarvörur, aðrar	47.335	1.006.618
Tæki og búnaður til innréttinga	0	768.676
Ýmis tæki og áhöld	1.865.801	1.860.341
Varahlutir og viðhaldsvörur	0	73.341
Ýmsar sérgreindar vörur	27.088.689	41.227.948
Orkugjafir	14.030.510	14.915.841
Matvæli	3.591.009	2.527.210
Almennar rekstrarvörur	15.219.537	11.453.582
Vörukaup, almenn	64.691.884	79.352.754
Fundir, námskeið, risna	830.529	725.457
Ferðir, uppihald	4.160.908	1.859.145
Akstur	448.838	304.707
Sérfræðiþjónusta	136.264.062	94.794.893
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	2.175.380	1.879.241
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	51.753.995	35.991.596
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	18.224.112	16.927.778
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	213.857.824	152.482.817
Afnotagjöld	13.913.972	13.390.651
Leigugjöld	253.424.384	239.902.564
Notkun véla og flutningatækja	840.576	2.084.914
Verkkaup	16.657.464	14.453.860
Áhættutap og bætur	101.981	0
Tryggingar, lögboðnar	453.860	277.755
Opinber gjöld	182.380	157.200
Tapaðar kröfur	(37.500)	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	285.537.117	270.266.944
Vörukaup	31.944.075	16.341.472
Birgðabreytingar, fullunnar vörur	370.032	(972.134)
Vörur til endursölu og birgðabreyting	32.314.107	15.369.338
Annar rekstrarkostnaður samtals	596.400.932	517.471.853
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	50.894.756	42.847.787
Farartæki og vélar	1.022.830	1.117.330
Aðrar eignir	70.675	77.100
Sölutap og úreltar eignir	0	8.136.396
Niðurfærsla óefnislegra eigna	2.251.826	965.026
	54.240.087	53.143.639

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020		
8 Óefnislegar eignir				
Óefnislegar eignir	12.378.538	9.835.774		
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2021:		Hugbúnaður		
Stofnverð 01.01.2021		10.800.800		
Viðbætur á árinu		4.794.590		
		<u>15.595.390</u>		
Niðurfært 01.01.2021		965.026		
Niðurfærsla ársins		2.251.826		
		<u>3.216.852</u>		
Staða 31.12.2021		<u>12.378.538</u>		
9 Varanlegir rekstrarfjármunir				
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:				
Áhöld, tæki og búnaður	335.520.383	298.038.608		
Farartæki og vélar	4.858.988	5.881.818		
Aðrar eignir	460.000	530.675		
	<u>340.839.371</u>	<u>304.451.101</u>		
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:				
	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021	485.886.899	11.424.690	1.231.000	498.542.589
Viðbætur á árinu	88.376.531	0	0	88.376.531
	<u>574.263.430</u>	<u>11.424.690</u>	<u>1.231.000</u>	<u>586.919.120</u>
Afskriftir 01.01.2021	187.848.291	5.542.872	700.325	194.091.488
Afskrift ársins	50.894.756	1.022.830	70.675	51.988.261
	<u>238.743.047</u>	<u>6.565.702</u>	<u>771.000</u>	<u>246.079.749</u>
Staða 31.12.2021	<u>335.520.383</u>	<u>4.858.988</u>	<u>460.000</u>	<u>340.839.371</u>
10 Viðskiptakröfur				
Viðskiptakröfur	5.687.835	26.437.130		
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	0	(600.000)		
	<u>5.687.835</u>	<u>25.837.130</u>		
11 Tengdir aðilar				
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.				
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>				
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	123.022.158	334.125.650		
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	9.776.146	0		
	<u>132.798.304</u>	<u>334.125.650</u>		
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>				
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	4.643.167	6.287.540		
	<u>4.643.167</u>	<u>6.287.540</u>		

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
12 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		
Fyrirframgreiddur kostnaður	2.762.934	955.963
Skattar	8.326.368	10.908.558
	<u>11.089.302</u>	<u>11.864.521</u>

13 Handbært fé

Sjóðir	489.008	619.459
Tékkareikningar	27.482.899	8.430.911
Sparisjóðsreikningar	193.803	193.410
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum	40.534	39.510
	<u>28.206.244</u>	<u>9.283.290</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 12,9 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

14 Eigið fé

	31.12.2021	31.12.2020
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;		
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	47.465.571	51.803.933
Afkoma ársins	(193.633.808)	(4.338.362)
Jöfnuður 31.12.	<u>(146.168.237)</u>	<u>47.465.571</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

15 Ýmsar skammtímaskuldir

	31.12.2021	31.12.2020
Ógreitt orlof	70.350.566	64.861.590
Önnur ógreidd gjöld	2.084.640	250.622
	<u>72.435.206</u>	<u>65.112.212</u>

Skýringar

16 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	353.217.909	314.286.875
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	47.682.459	53.753.580
	<u>400.900.368</u>	<u>368.040.455</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	314.286.875	53.753.580	368.040.455
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	87.100.000	87.100.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	88.376.531	(88.376.531)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum	4.794.590	(4.794.590)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(54.240.087)	0	(54.240.087)
	<u>353.217.909</u>	<u>47.682.459</u>	<u>400.900.368</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 57,9 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

17 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi ótímabundna samninga um húsnæði og rekstrar- og þjónustusamninga til næstu. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 257,8 milljónum og vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 20,0 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.